

Hvað er Cyclogest®?

Cyclogest® er skeiðarstíll sem inniheldur prógesterón, náttúrulegt kynhormón kvenna sem einkum verður til í eggjastokkunum. Cyclogest® er ætlað konum sem þurfa prógesterónviðbót þegar þær gangast undir tæknifrjógvun. Þegar Cyclogest® hefur verið komið fyrir í leggöngunum losnar prógesterón staðbundið, frásogast í slímhimnu legsins og eykur bæði möguleikana á getnaði og því að viðhalda þunguninni við frjósemismæðferð.

Hvernig á að nota Cyclogest®?

Notaðu lyfið alltaf eins og læknið eða hjúkrunarfræðingur hefur mælt fyrir um.

1

Taktu Cyclogest® úr umbúðum sínum:

Þvoðu hendur vandlega og fjarlægðu svo Cyclogest®-skeiðarstíllinn úr umbúðunum.

2

Komdu Cyclogest® fyrir:

Cyclogest®-skeiðarstílnum er komið þannig fyrir í leggöngum að hann er settur á milli skapabarmanna og síðan þrýst upp og aftur. Þetta getur reynst auðveldara ef setið er eða legið.

3

Láttu skeiðarstíllinn virka:

Þegar Cyclogest®-skeiðarstílnum hefur verið komið fyrir leysist hann rólega upp við líkamshitann og leysir smám saman út prógesterón sem slímhimna legsins frásogar. Það getur orðið vart við útfærð sem er eðlilegt þegar lyf eru gefin í leggöng. Gott er að nota innlegg til að hlífa nærbuxum.



Hvernig á að geyma Cyclogest®?

Geymdu Cyclogest® við lægra hitastig en 30°C.

Ef það gleymist að taka Cyclogest®

Læknir þinn eða hjúkrunarfræðingur hefur útskýrt fyrir þér hvernig þú notar Cyclogest®. Ráðlagður skammtur er tveir stílar á dag, kvölds og morgna. Ef þú gleymir að nota Cyclogest® skaltu gera það um leið og þú manst eftir því og halda svo áfram notkun á venjulegan hátt. Taktu aldrei tvo skammta samtímis til bæta upp stíl sem gleymdist.

Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú byrjar að nota Cyclogest®

Sérstakar viðvaranir og varúðarreglur við notkun:

Gæta skal sérstakrar varúðar og hafa strax samband við lækinn þinn ef þú færð einhver eftirfarandi einkenna á meðan á meðferð stendur og jafnvel nokkrum dögum eftir síðasta skammt: verkir í kálfa eða brjósti, skyndileg mæði eða hósti með blóðugum uppgangi, mjög slæmur höfuðverkur eða uppköst, svimi, yfirlið eða breytingar á sjón eða máli, máttleysi eða dofi í handlegg eða fótlegg, versnun á þunglyndi. Gæta skal sérstakrar varúðar við akstur eða notkun véla þar sem Cyclogest® getur valdið svima.



GEDEON RICHTER

Barnhusgatan 22, 111 23 Stokkhólmur, Svíþjóð.

19376-1_Avrivningsblock_patient_inlaga_ISL_korr_200917Vers2.pdf